


Fráleitt að telja að hætta stafi af vögnum SVR umfram önnur ökutæki, segir greinarhöfundur m.a.

Vagnstjórar SVR og vaktafyrirkomulag

Athugasemd vegna fréttar um svefnleysi vagnstjóra SVR

Vegna fréttar og viðtals við vagnstjóra í DV 19.01. sl. óska ég að eftirfarandi verði birt í blaði yðar:

Upphaf þessa máls er það að tveir vagnstjórar SVR óskuðu eftir umsögn Vinnueftirlits ríkisins um það vaktafyrirkomulag sem unnið er eftir hjá SVR í dag. Það kerfi var samþykkt síðast af báðum aðilum árið 1986 en það tók upphaflega gildi árið 1976 og var þá lítið breytt frá árinu 1951.

Í framhaldi af bréfi Vinnueftirlitsins settumst við niður í síðustu viku, ég, starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar, fulltrúi Vinnueftirlitsins og tveir af yfirmönnum SVR og fórum yfir þetta mál. Þar kom í ljós það sem allir vissu reyndar fyrir að það vaktafyrirkomulag, sem unnið er eftir hjá SVR í dag, stenst öll lög og reglugerðir að því undanskildu að 3. hvern sunnudagsmorgun eru smáhnökrar á kerfinu hjá hluta af starfsmönnum. Þá hnökra vissu allir aðilar um þegar núverandi vaktafyrirkomulag var tekið upp á sínum tíma vegna eindreginna óska vagnstjóra.

Það er rétt að geta þess að fyrir þá komu bætur í formi peningagreiðslna.

Ég veit því ekki hvað viðmælanda DV gengur til þegar hann lýsir því yfir að vagnstjórar SVR séu nær því óhæfir til aksturs vegna þreytu og svefnleysis. Með því gerir hann ekki aðeins lítið úr vinnufélögum sínum, heldur rýrir hann einnig traust viðskiptavina okkar sem og annarra á vagnstjórum. Að því ógleymdu að hann afhjúpar það gæfuleysi í samstöðu sem einkennt hefur 9. deild St. Rv. undanfarna mánuði, með því að úthrópa starfsheitið vagnstjóri í þeirri von að einhverjir gleypi við þeim yfirboðum sem sjálfskipaðir fulltrúar deildarinnar leggja fram í því andrúmslofti kjaraóróa sem einkennt hefur fyrirtæki okkar undanfarið.

Úrvalsmenn í starfi

Ég fullyrði það að enginn vagnstjóri SVR lætur sér koma það til hugar að setjast undir stýri ef hann telur sig ekki hæfan til þess vegna þreytu eða svefnleysis. Ég tel mig geta dæmt um það sem hef verið aðaltrúnaðarmaður vagnstjóra í mörg ár.

Í mínum huga er það mikið lán fyrir Reykjavíkurborg svo og viðskiptavini SVR hversu margir úrvalsmenn sinna þessu starfi. Það hefur reyndar oft vakið furðu mína þegar höfð eru í huga þau launakjör sem vagnstjórum SVR er boðið upp á þrátt fyrir þá miklu ábyrgð sem á þeim hvílir.

Varðandi tal um frídaga vil ég að það komi skýrt fram að hjá SVR eru engin lög brotin um frídaga. Skv. lögum um frídaga er heimilt að flytja þá á milli vikna verði um það samkomulag milli samningsaðila. (Sbr. 55. grein laga nr. 46 frá 1980.) Sú ósk er frá vagnstjórum komin að haga frídögum með þeim hætti sem nú er. Þess óskuðu þeir til að eiga gott frí, svokallaða langa fríhelgi, með reglulegu millibili. Komi í ljós nú að meirihluti vagnstjóra kjósi annað fyrirkomulag á frídögum þá tel ég það auðsótt mál. Ég hef þó sterkan grun um það að flestir vagnstjóra óski eftir því að halda í löngu fríhelgina sína.

Ótrúlega fá óhöpp

Sú fullyrðing að vegfarendum stafi einhver hætta af vögnum SVR umfram önnur ökutæki er auðvitað fráleit og ég furða mig á því að nokkur vagnstjóri skuli láta slíkt út úr sér. Vagnarnir okkar eru bæði fyrirferðarmiklir og áberandi í umferðinni en tjónatíðni þeirra er í algjöru lágmarki.

Auðvitað geta vagnar SVR lent í óhöppum sem og önnur farartæki en þau eru ótrúlega fá miðað við þær erfiðu aðstæður sem ríkja í umferðinni hér í Reykjavík og þá miklu vegalengd sem vagnstjórar SVR skila árlega í eknum km. En þeir eru rúmlega 4,6 milljónir á ári.

Flestir vagnstjórar SVR leggja metnað sinn í það að vera öðrum vegfarendum fyrirmynd í umferðinni og fá það endurgreitt með tillitssemi og tilhliðrun mjög margra ökumanna þeirra 50 þúsund ökutækja sem skráð eru í Reykjavík.

Að lokum vil ég að það komi fram að næstu daga verður haldið áfram að skoða þá hnökra sem eru á vaktafyrirkomulagi vagnstjóra SVR og það mál verður leyst í góðu samráði við starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar innan þeirra tímamarka sem Vinnueftirlit ríkisins setti fram. Enda er það ljóst að hvorki borgaryfirvöld né SVR una því að sitja undir þeim áburði að þau brjóti gildandi lög.

Hannes H. Garðarsson

Kjallarinn



Hannes H. Garðarsson
aðaltrúnaðarmaður starfsmanna SVR

„Ég fullyrði það að enginn vagnstjóri SVR lætur sér koma það til hugar að setjast undir stýri ef hann telur sig ekki hæfan til þess vegna þreytu eða svefnleysis."

Þetta getur verið BILIÐ milli lífs og dauða!



Dökkklæddur vegfarandi sést ekki fyrr en í 20-30 m. fjarlægð frá lágljósum bifreiðar

en með endurskinsmerki, borin á réttan hátt sést hann í 120-130 m. fjarlægð.

UMFERÐAR RÁÐ

Menning

DV


Af ríkjandi tómhyggju

Það er erfitt að henda reiður á myndlist Hallgríms Helgasonar, svo breytilegar eru áherslur hennar. Einn daginn aðhyllist listamaðurinn skrumskælingar veruleikans, næsta dag snurfusar hann yfirborð sama veruleika, þar næst lætur hann sér nægja að uppmála huglæga ímynd hans. Þessi tilbrigði, og fleiri til, er að finna á yfirstandandi sýningu Hallgríms að Kjarvalsstöðum (til 27. janúar).

Í hamskiptum listamannsins er aðeins tvennt óbreytilegt, hlutlægur „gagnagrunnurinn" og tæknin. Af þessu tvennu er tæknin sýnu mikilvægari. Hvort sem hann veðjar á hreina línuteikningu (sem merkilegt nokk minnir eilítið á Dieter Roth) eða nostursamlega upphleðslu líkamsparta tæpir á ástum, einsemd eða kátlegum uppákomum, verður tæknin – köld fágun yfirborðsins og sjálfhverfur spuni – ævinlega ofan á. Þessi tækni, sem einn kunningi minn í bransanum kallar „smartness", virðist vera hið eiginlega inntak þessara verka.

Upphafning sjálfsins

Hún segir áhorfandanum að í augum listamannsins sé allt jafngilt „eða réttara sagt jafn ógilt eða ómerkilegt, vegna þess að í sjálfu sér (skipti) ekkert máli," svo að vitnað sé í ádeilu Páls Skúlasonar prófessors á ríkjandi tómhyggju í nútímanum (Skírnir, haust 1990). Lýsing Páls á raunar vel við ýmisleg afbrigði hins svokallaða póstmódernisma í listum.



Hallgrímur Helgason.

Í grein sinni tengir Páll þessa tómhyggju við upphafningu sjálfsins sem hann kallar „höfuðeinkenni á heimsmynd þessarar aldar". Andspænis sjálfsmyndum Hallgríms, þar á meðal þeirri ímynd sem dreift hefur verið á plakötum um borg og bý til kynningar sýningunni, langar mig að vitna enn frekar í orð Páls: „Allir mælikvarðar á sannleika, réttlæti og fegurð heyra sögunni til. Þess í stað verður allt bundið sjálfinu sem ákveður hvað skipti máli, hvað sé rétt, hvað sé fagurt og hvað ljótt, hvað sé satt og hvað ósatt. Vandinn er hins vegar sá að þetta sjálf er sjálft óraunverulegt, það á sér enga fasta stöðu í heiminum, því að heimurinn skilgreinist af því að vera heimur sjálfsins, heimur **minnar eigin** reynslu og upplifana og er þess vegna . . . ekki annað en hugarburður sjálfsins . . ."

Áeggjan

Ég ætla ekki að orðlengja um skýringar Páls á þessu ástandi né heldur er ég sammála öllum niðurstöðum hans. En í tilefni þeirrar sýningar sem hér er til umræðu vil ég leyfa mér að gera niðurlagsorð þessarar greinar Páls að mínum en þar eggjar hann íslenska rithöfunda til dáða. Snýr ég orðum hans upp á íslenska myndlistarmenn:

„Hver þjóð þarfnast hins vegar (myndlistarmanna) sem takast af fullum heilindum á við það verkefni að endurvinna reynslu okkar af sjálfum okkur og heiminum og reyna að móta þann skilning á veröldinni sem nýtist okkur til að byggja þennan heim og takast á við ofbeldi hans. Við þurfum (myndlistarmenn) sem takast á við togstreitu trúar og tækni í mannfélaginu, (myndlistarmenn) sem varpa ljósi á reynslu okkar af rökvæðingu þjóðfélagsins og upplausninni sem hún hefur í för með sér. Við þurfum (myndlistarmenn) sem fletta ofan af lygum, hræsni og tvöfeldni þeirra sem fara með völdin hverju sinni, (myndlistarmenn) sem leggja sig af alefli fram við að bera sannleikanum vitni og líka takmörkuðu og skertu frelsi mannskepnunnar, (myndlistarmenn) sem hugsa ekki um það eitt að sviðsetja sjálfa sig að hætti valdsmanna, heldur sökkva sér djúpt ofan í reginmyrkur mannlegrar reynslu og reyna að skýra hana og skerpa svo að fólk megi átta sig á heiminum og finna frið í sálu sinni án þess að slökkva á meðvitundinni."

Aðalsteinn Ingólfsson

Andlát

Bjarni Marinó Ólafsson frá Skálakoti, Hvolsvegi 13, Hvolsvelli, lést á Landakotsspítala 23. janúar.

Herborg Húsgarð lést á heimili sínu, Bakkaseli 21, miðvikudaginn 23. janúar.

Sigurjón Pálsson, Túngötu 15, Seyðisfirði, lést í Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar að morgni 24. janúar.

Þórhildur Gunnarsdóttir, Vesturgötu 45, Reykjavík, lést á Landspítalanum fimmtudaginn 24. janúar.

Valgarður Sigurðsson frá Hjalteyri, Hátúni 1, Keflavík, lést í Borgarspítalanum 23. janúar.

Jarðarfarir

Pála Jónína Pálsdóttir, Hofi, Öræfum, verður jarðsungin frá Hofskirkju laugardaginn 26. janúar kl. 14.

Einar Sigurður Sigurðsson, Leynisbraut 12, Grindavík, er lést af slysförum mánudaginn 21. janúar sl., verður jarðsunginn frá Grindavíkurkirkju á á morgun, laugardaginn 26. janúar kl. 14. Jarðsett verður í Hvalsneskirkjugarði.

Maria S. Eliasdóttir, Laugateigi 56, Reykjavík, lést í Sjúkrahúsi Suðurlands 14. janúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Viktoría Sigurjónsdóttir, Faxabraut 33d, Keflavík, lést í Sjúkrahúsi Keflavíkur sunnudaginn 20. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju á morgun, laugardaginn 26. janúar, kl. 14.

Útför **Einars Einarssonar** frá Suðurfossi, Mýrdal, sem lést 17. janúar sl., fer fram frá Reyniskirkju laugardaginn 26. janúar kl. 14.

Brynjar Sigurgeirsson, Dalhúsum 62, Reykjavík, lést á barnadeild Landspítalans þann 16. janúar sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Eggert Benónýsson útvarpsvirkjameistari lést 20. janúar. Hann fæddist í Háafelli í Skorradal, 5. september 1908, sonur hjónanna Benónýs Helgasonar og Guðnýjar Magnúsdóttur. Eggert lærði útvarpsvirkjun hjá viðgerðarverkstæði Ríkisútvarpsins, en þar starfaði hann óslitið til 1944, þar til hann stofnaði ásamt öðrum Viðtækjavinnustofuna hf. sem þeir ráku til 1955, er Eggert keypti hlut starfsmanns síns. Síðan rak hann fyrirtækið til 1975. Hann giftist Magneu Kjartansdóttur, en hún lést árið 1979. Þau hjónin eignuðust tvær dætur. Útför Eggerts verður gerð frá Bústaðakirkju í dag kl. 13.30.

Safnaðarstarf

Grensáskirkja: Starf fyrir 10–12 ára börn kl. 17 í dag.

Laugarneskirkja: Mæðra- og feðramorgnar föstudaga kl. 10 í safnaðarheimilinu í umsjón Báru Friðriksdóttur.